



Kópavogsbær

Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Alþingi
b.t. velferðarnefndar
Kirkjustræti
150 Reykjavík

Kópavogi, 15. janúar 2018
1712983/001.01 ÁAK

Efni: Frumvarp til laga um breytingar á lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991 - 27. mál

Vísað er til tölvupósts frá nefndarsviði Alþingis dags. 18. desember sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint frumvarp.

Velferðarsvið Kópavogs vill fyrir sitt leyti gera athugasemd við að ekki hafi náð fram að ganga sá vilji fulltrúa sveitarfélaganna í starfshópnum sem hafði það verkefni að semja fyrirbyggjandi frumvarp, að ákvæði um aksturþjónustu nái einnig til aldraðra. Ákvæði um aksturþjónustu (eða ferðaþjónustu) var áður að finna í lögum um málefni fatlaðra en mörg sveitarfélög m.a. Kópavogur býður jafnframt uppá þessa þjónustu fyrir aldraða. Kópavogsbær hafði vonast eftir að þessi þjónusta sem mikil þörf er fyrir fengi lagastoð og að ýmsum óvissuþáttum yrði eytt. Þessi þjónusta hefur t.a.m. skapað grátt svæði þegar kemur að akstri íbúa á hjúkrunarrýmum og eins er misræmi í gjaldtöku milli fatlaðra og aldraðra. Aukin þjónusta hefur í för með sér útgjaldaaukningu og því þarf að þann kostnað sem lögleiðing aksturþjónustu aldraðra hefði í för með sér og færa inn í jöfnunarsjóð.

Virðingarfyllt,
f.h. velferðarsviðs Kópavogs

Ása A. Kristjánsdóttir, lhd.
Lögfræðideild Kópavogs

